

## SAMÞYKKT

### um stjórn sveitarfélagsins Rangárþings ytra.

#### I. KAFLI

##### Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

###### 1. gr.

###### *Skipan sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn sveitarfélagsins Rangárþings ytra er skipuð sjö fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

###### 2. gr.

###### *Sjálfstætt stjórnvald.*

Sveitarfélagið Rangárþing ytra er sjálfstætt stjórnvald, sem stjórnað er af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

###### 3. gr.

###### *Verkefni sveitarfélagsins.*

Rangárþing ytra annast þau verkefni sem því eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Rangárþing ytra vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma. Rangárþingi ytra er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

#### II. KAFLI

##### Um sveitarstjórn.

###### 4. gr.

###### *Hlutverk sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, ákvæðum annarra laga og samþykkt þessari. Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

###### 5. gr.

###### *Verkefni sveitarstjórnar.*

Meðal verkefna sveitarstjórnar er:

- Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að viðeigandi reglum sé fylgt í störfum sveitarfélagsins, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
- Að setja sveitarstjórn síðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða sveitarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í ædstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
- Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
- Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
- Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.

8. Að samþykkja og hafa eftirlit með gerð og framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Að setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.
11. Að móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum sveitarfélagsins, sbr. 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

*Ný sveitarstjórn tekur til starfa.*

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af kosningalögum. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

*Kjör oddvita og varaoddvita.*

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn oddvita og einn varaoddvita. Kjörtímabil þeirra er sama og sveitarstjórnar nema sveitarstjórnin ákveði annað.

Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi.

Sá telst rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita. Varaoddviti leysir oddvita af í forföllum hans.

Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

### III. KAFLI

#### **Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.**

8. gr.

*Fundir sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi sveitarstjórnar að Suðurlandsvegi 1-3 á Helli. Sveitarstjórn tekur ákvörðun í upphafi hvers árs um fundaáætlun vegna reglulegra funda fyrir næstu 12 mánuði í senn. Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess.

Sveitarstjórnin getur breytt samþykktri fundaáætlun innan ársins með nýrri samþykkt enda verði hún kynnt íbúum með tryggilegum hætti, sbr. 11. gr. samþykktar þessarar.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður eða færa reglulegan fund sinn eða fundarstað, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

Sveitarstjórnarfundir er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarmanna eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Auglýsa skal fundi sveitarstjórnar á skrifstofu Rangársþings ytra eða á vef þess með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og tilgreina þar dagskrá fundar enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

## 9. gr.

*Boðun sveitarstjórnarfundar.*

Sveitarstjóri, í samráði við oddvita, boðar fundi sveitarstjórnar. Oddviti getur þó einn boðað fundi í sveitarstjórninni þegar þess er þörf.

Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Boðun sveitarstjórnarfundar skal fara fram með rafrænni tilkynningu á netfang sveitarstjórnarmanna. Fundargögn skulu gerð sveitarstjórnarmönnum aðgengileg með rafrænum hætti á vefsvæði Rangársþings ytra. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Fundarboð og fundargögn skulu einnig send varamönnum í sveitarstjórn.

## 10. gr.

*Dagskrá sveitarstjórnarfundar.*

Oddviti og sveitarstjóri eða oddviti einn, semja dagskrá sveitarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar s.s. kosningar oddvita sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, svo og ráðningu sveitarstjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Fundargerðir vegna samstarfsverkefna sveitarfélagsins. Fundargerðir byggðasamlaga, sem hafa fullnaðarafgreiðsluvald, skulu lagðar fram fyrir sveitarstjórn til kynningar.
4. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá sveitarstjórnarfundar.
5. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og oddviti og/eða sveitarstjóri ákveða að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það oddvita og sveitarstjóra skriflega eða með rafrænum hætti, með að lágmarki þriggja sólarhringa fyrirvara m.v. reglulegan fundartíma sveitarstjórnar, til þess að unnt sé að taka það á dagskrá næsta fundar.

## 11. gr.

*Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.*

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir skulu haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti. Sömuleiðis skal tilkynna íbúum um fundaaáætlun hvers ár sbr. 8. gr. samþykktar þessarar.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með opinberri auglýsingu eða með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

## 12. gr.

*Opnir fundir sveitarstjórnar.*

Fundir sveitarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

## 13. gr.

*Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.*

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

## 14. gr.

*Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.*

Sveitarstjórnarmanni/nefndarmönnum er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar sveitarstjórnarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna. Um framkvæmd fjarfunda fer skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 15. gr.

*Tvær umræður í sveitarstjórn.*

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

## 16. gr.

*Fundarsköp og ritun fundargerða.*

Um ritun fundargerða sveitarstjórnar skal farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samanber auglýsingu nr. 1181/2021, eða síðari leiðbeiningum sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Fundargerðir sveitarstjórnar skulu vera aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins sem fyrst að afloknum fundi og ekki síðar en tveimur virkum dögum frá því fundi lauk.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti, þeim útvarpað gegnum ljósvakamiðla og/eða netmiðla. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur og birta á vefsíðu sveitarfélagsins.

Meginreglur um fundarsköp:

- a. *Fundarstjórn.* Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Oddviti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.
- b. *Vald oddvita.* Skylt er sveitarstjórnarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.

Ef sveitarstjórnarmaður ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef sveitarstjórnarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef sveitarstjórnarmaður hlýðir ekki úrskurði oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

Ef áheyrandi á sveitarstjórafundi raskar fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi oddvita þarf til að taka myndir í fundarsal sveitarstjórnar.

- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema sveitarstjórn eða oddviti ákveði að önnur röð skuli höfð. Oddviti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna þau afbrigði.
- d. *Málfrelsi sveitarstjóra.* Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
- e. *Málfrelsi.* Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann svo og sveitarstjórnarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.
- f. *Ávarp ræðumanns.* Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Sveitarstjórnarmaður skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarmenn með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða. Ekki má lesa upp prentað mál nema oddviti leyfi.
- g. *Hve oft má tala.* Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
- h. *Ræðutími.* Ef oddviti telur umræður á sveitarstjórnarfundi dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður við tvær mínútur. Oddviti getur jafnframt lagt fram dagskrártillögu um að umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs.
- i. *Tillögur og afgreiðsla.* Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðauka-tillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. *Réttur til bókunar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- k. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handa-uppréttingu. Sveitarstjórnarmaður greiðir atkvæði úr sæti sínu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

1. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Sveitarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

#### 17. gr.

##### *Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.*

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum og í samþykkt þessari. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 18. gr.

##### *Varamenn í sveitarstjórn.*

Varamenn taka sæti í sveitarstjórninni skv. ákvæðum 2. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmalasamtökum geta fulltrúar í aðal-sætum gert samkomulag um innköllun varamanna í samræmi við ákvæði 3. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga. Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils, á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar, og gildir hún til loka kjörtímabils sbr. ákvæði 4. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga. Sé það ekki gert taka fulltrúar framboðslistans sæti eftir almennum reglum.

### IV. KAFLI

#### **Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.**

#### 19. gr.

##### *Skyldur sveitarstjórnarmanna.*

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur oddviti

heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ösk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

#### 20. gr.

##### *Réttur sveitarstjórnarmanna.*

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

#### 21. gr.

##### *Aðgangur að gögnum.*

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn. Beiðnum sveitarstjórnarmanna um aðgang að gögnum skal beint til sveitarstjóra.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Sveitarstjórnarmenn skulu hafa samráð við sveitarstjóra og forstöðumenn stofnana um aðgang að skjalasafni og bókhaldsgögnum. Um öll gögn er varða erindi til og frá sveitarstjórninni gildir það, að sveitarstjórnarmenn geta fengið afrit/ljósrit til skoðunar og varðveislu nema ef um gögn er að ræða sem eru undanþegin upplýsingarétti almennings. Um slík gögn gildir sú regla að ekki er heimilt að taka af þeim afrit og fara með þau út af skrifstofunni eða stofnuninni.

Ef beiðni sveitarstjórnarmanns varðar viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í sveitarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

#### 22. gr.

##### *Siðareglur og góðir starfshættir.*

Sveitarstjórnarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 23. gr.

##### *Lausn frá störfum.*

Telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrirframákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir.

Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt 2. mgr. þessa ákvæðis missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarmaður missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 24. gr.

*Boðun varamanna.*

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarmanna greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og boða varamann í sinn stað. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

## 25. gr.

*Þóknun o.fl.*

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr. um kjör kjörinna fulltrúa í Rangárþingi ytra og greiðslur fyrir nefndastörf. Þessar reglur um greiðslur skal taka til endurskoðunar eigi sjaldnar en í upphafi hvers kjörtímabils en heimilt er að endurskoða þær oftár ef sveitarstjórnin ákveður það.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

## 26. gr.

*Réttindi og skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

## V. KAFLI

**Byggðarráð.**

## 27. gr.

*Kosning byggðarráðs.*

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í byggðarráð til eins árs í senn. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í byggðarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.



Byggðarráð getur ráðið sér fundarritara utan byggðarráðs. Kosning í byggðarráð skal vera leyning og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

## 28. gr.

*Fundartími byggðarráðs.*

Byggðarráð heldur reglulega fundi að Suðurlandsvegi 1-3, Hellu. Sveitarstjórn tekur ákvörðun í upphafi hvers árs um fundaáætlun byggðarráðs fyrir næstu 12 mánuði í senn. Sveitarstjórn getur falið byggðarráði að halda fund um tiltekin mál sem því eru falin til úrlausnar.

Aukafundi skal halda ef formaður byggðarráðs, sveitarstjóri, eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess.

## 29. gr.

*Boðun funda byggðarráðs.*

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs.

Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna fundarboðanda um forföll og boða varamann í sinn stað.

## 30. gr.

*Stjórnun byggðarráðs.*

Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

## 31. gr.

*Áheyrnarfulltrúar í byggðarráði.*

Framboðslisti sem á fulltrúa í sveitarstjórn en ekki í byggðarráði má tilnefna sveitarstjórnarfulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt. Aðal- og varamenn í sveitarstjórn sem skipuðu sama framboðslista og áheyrnarfulltrúi skulu vera varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann. Áheyrnarfulltrúi skal njóta sömu launa fyrir þátttöku í fundum byggðarráðs og kjörnir byggðarráðsfulltrúar. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í byggðarráði skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í byggðarráð samkvæmt samþykktum þessum.

## 32. gr.

*Verkefni byggðarráðs.*

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur fjárhagsáætlun og viðauka við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn.

Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Byggðarráð fer með atvinnumál, viðhalds- og framkvæmdaáætlanir á eignum sveitarfélagsins, tekur ákvörðun um úthlutun styrkja, úthlutun lóða skv. reglum sveitarfélagsins um lóðaúthlutunir, málefni fráveitu í samræmi við lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og málefni Rangárljóss, sbr. lög nr. 70/2022 um fjarskipti.

Meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella, enda sé eigi um það ágreiningur í ráðinu eða við sveitarstjóra um ákvörðunina.

Sveitarstjórn getur falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu annarra mála, nema lög mæli á annan veg.

## 33. gr.

*Sérstakar heimildir byggðarráðs til fullnaðarákvörðunar.*

Fundargerðir annarra nefnda en fastanefnda, ráða og stjórna sem ekki krefjast staðfestingar sveitarstjórnar skv. lögum, skulu lagðar fyrir byggðarráð og er það fullnaðarafgreiðsla.

Byggðarráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans og hefur sömu heimildir og sveitarstjórn meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina og ef lög eða eðli máls mæla ekki gegn því.

Umsóknir um styrki skulu að jafnaði lagðar fyrir byggðarráð til fullnaðarafgreiðslu að svo miklu leyti sem unnt er innan ákvæða fjárhagsáætlunar. Umsóknir sem ekki rúmast innan ákvæða fjárhagsáætlunar skulu lagðar fyrir sveitarstjórn.

Lóðaumsóknir skulu að öllu jöfnu lagðar fyrir byggðarráð til fullnaðarafgreiðslu í samræmi við reglur um lóðaúthlutanir sem sveitarstjórn hefur sett, enda sé viðkomandi lóð í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag viðkomandi svæðis. Leggja ber aðrar umsóknir um lóðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Umsækjandi getur óskað eftir því að ákvörðun vegna umsóknar verði endurupptekin og fer umsóknin þá til sveitarstjórnar ef ekki er sátt um niðurstöðu byggðarráðs.

Verði ágreiningur um ákvörðun í byggðarráði telst málið ekki til lykta leitt fyrr en það hefur hlotið afgreiðslu á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

## VI. KAFLI

**Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en byggðarráð.**

## 34. gr.

*Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.*

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 35. gr.

*Kosning og kjörgengi.*

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

## 36. gr.

*Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar. Almenn t skulu fastanefndir gera tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu mála enda fara fastanefndir almennt ekki með umboð til

fullnaðarafgreiðslu mála nema kveðið sé á um það í lögum eða í samþykkt þessari. Fastanefndir skulu starfa samkvæmt erindisbréfum þar sem nánar er kveðið á um verksvið og þau verkefni sem hver nefnd sinnir.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela kjörnum nefndum sem taldar eru upp í 47. gr. samþykktar þessarar að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviðið þeirra ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og
3. þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Þriðjungur fulltrúa í nefnd, ráði eða stjórn sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu máls, sbr. 1. mgr., getur farið fram á að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd skv. samþykkt þessari, taki ákvörðun í máli.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. eða 2. mgr. þessarar greinar til sveitarstjórnar.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.

#### 37. gr.

##### *Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnar skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu og staðfestingar eða til kynningar þegar það á við.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar byggðarráðs eða sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun skal lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu og staðfestingar.

#### 38. gr.

##### *Fundir nefnda og ályktunarhæfi.*

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi lög eða eðli máls hamli því ekki.

Nefndum er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótatkvæðalaust á næsta nefndarfundum á undan, svo fremi lög eða eðli máls hamla því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

#### 39. gr.

##### *Fundarstjórn og fundargerðir.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórnar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

#### 40. gr.

##### *Varamenn.*

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

## 41. gr.

*Boðun varamanna.*

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á. Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

## 42. gr.

*Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

## 43. gr.

*Áheyrnarfulltrúar.*

Sveitarstjórn getur heimilað að framboðslisti sem ekki fær mann kjörinn í fastanefnd á vegum sveitarstjórnarinnar fái áheyrnarfulltrúa í viðkomandi nefnd. Sérákvæði gilda þó um byggðarráð sbr. ákvæði 31. gr. þessarar samþykktar.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu yfirgefa fundarsal nefndar við meðferð og afgreiðslu tiltekins máls ef þeir teljast vanhæfir við afgreiðslu málsins.

## 44. gr.

*Þóknun.*

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur

sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

## 45. gr.

*Önnur réttindi og skyldur.*

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

## 46. gr.

*Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.*

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

Sveitarstjóri fer með umboð sveitarfélagsins til afgreiðslu mála og atkvæðagreiðslu á hluthafa- og aðalfundum félaga og byggðasamlaga sem sveitarfélagið á aðild að, innan þeirra marka sem lög ákveða. Oddviti fer með sambærilegt umboð sveitarfélagsins á sömu fundum í forföllum sveitarstjóra.

## 47. gr.

*Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.*

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sveitarfélagsins og sem sveitarfélagið á aðild að og skulu allar fastanefndir, stjórnir og ráð starfa samkvæmt erindisbréfum. Allar aðrar fastanefndir, stjórnir og ráð en byggðarráð eru kosin á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar og sitja til loka kjörtímabils, þar til sveitarstjórn ákveður annað eða annað sé tekið fram í samþykkt þessari. Kosning fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir skal fara fram skv. ákvæðum 35. gr. þessarar samþykktar nema annað sé sérstaklega tekið fram.

**Fastanefndir:**

1. *Byggðarráð.* Kjósa skal þrjú sveitarstjórnarmenn í byggðarráð sem aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga og 27. gr. samþykktar þessarar. Byggðarráð er kosið til eins árs í senn á fyrsta fundi sveitarstjórnar að afloknum kosningum til sveitarstjóra og í júní ár hvert. Nánar er fjallað um byggðarráð í V. kafla samþykktar þessarar.
2. *Kjörstjórn.* Kjósa skal þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara í kjörstjórn skv. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Um kjörgengi fer samkvæmt ákvæðum kosningalaga. Kjörstjórn skiptir með sér verkum og fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum kosningalaga.
3. *Skipulags- og umferðarnefnd.* Kjósa skal fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í skipulags- og umferðarnefnd. Nefndin fer með verkefni skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og málefni skv. 1. mgr. 112 gr. umferðarlaga nr. 77/2019.
4. *Markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefnd.* Kjósa skal fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefnd. Nefndin fer með markaðsmál og menningarmál auk jafnréttismála skv. lögum um stjórnarsýslu jafnréttismála nr. 151/2020.
5. *Heilsu-, íþrótt- og tómstundanefnd.* Kjósa skal fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í heilsu-, íþrótt- og tómstundanefnd. Nefndin fer með lýðheilsu-, æskulýðs- og íþróttamál, forvarnarmál og málefni félagsmiðstöðvar.
6. *Umhverfis-, hálandis- og samgöngunefnd.* Kjósa skal fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í umhverfis-, hálandis- og samgöngunefnd. Nefndin hefur eftirtalin verkefni: að fjalla um og gera tillögur til sveitarstjórnar um umhverfismál, fer með málefni gróðurverndar skv. ákvæðum laga um landgræðslu nr. 155/2018 og hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og önnur mál sem falla undir verksvið nefndarinnar.

7. *Fjallskilanefndir Landmannaafréttar, Holtamannaafréttar og Rangárvallaafréttar.* Í hverja fjallskilanefnd skal sveitarstjórn kjósa einn aðalmann og annan til vara, sbr. ákvæði 2. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Nytjaréttarhafar kjósa tvo af þremur aðal- og varamönnum í fjallskilanefndir Landmanna- og Rangárvallaafréttar og einn aðalmann og annan mann til vara í fjallskilanefnd Holtamannaafréttar. Um verkefni fjallskilanefnda fer skv. ákvæðum fjallskilasmþykktar Rangárvallasýslu og framangreindra laga.

#### **Ráð:**

8. *Ungmennaráð.* Sveitarstjórn kýs tvo aðalmenn og jafnmarga til vara af nemendum Grunnskólans á Hellu og tvo aðalmenn og jafnmarga til vara af nemendum Grunnskólans Laugarlandi í ungmennaráð. Einn fulltrúi til viðbótar er valinn í ráðið af heilsu-, íþrótt- og tómstundanefnd. Kjörgengi í ungmennaráð hafa einstaklingar á aldrinum 15-20 ára með lögheimili í Rangárþingi ytra. Fulltrúar í ungmennaráð skulu valdir fyrir 15. september ár hvert og sitja fram til 30. júní ár hvert. Ákvæði VI. kafla samþykktar þessarar gilda um ungmennaráð nema að annað leiði af eðli máls eða ef ekki er kveðið sérstaklega á um annað í samþykkt þessari. Ungmennaráðið fer með þau verkefni sem því eru falin skv. æskulýðslögum nr. 70/2007 og er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 15-20 ára í Rangárþingi ytra.
9. *Hverfisráð.* Hverfisráð Rangárþings ytra skulu vera fjögur talsins og starfa á mismunandi svæðum í sveitarfélaginu eins og nánar er tilgreint í erindisbréfum hverfisráðanna. Í hvert hverfisráð skal sveitarstjórn kjósa þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Viðkomandi hverfisráð er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn um málefni sem tengjast því svæði sem viðkomandi hverfisráð starfar á skv. erindisbréfi.

#### **Aðrar nefndir, samstarfsnefndir, ráð og stjórnir:**

10. *Héraðsnefnd Rangæinga.* Sveitarstjórn Rangárþings ytra skal kjósa þrjá aðalmenn og þrjá til vara til setu í héraðsnefnd Rangæinga en önnur sveitarfélög skipa aðra nefndarmenn. Héraðsnefnd Rangæinga annast þau verkefni sem henni eru ætluð skv. samningi sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu og samþykktum þeirra. Héraðsnefndin annast útgáfu Goðasteins, héraðsrits Rangárvallasýslu, skipar stjórn Skógasafns og fulltrúa sveitarfélaganna í öldungaráð. Héraðsnefndin fer með stjórn fjallskilaumdæmis Rangárvallasýslu skv. 2. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og semur og setur fjallskilasmþykkt fyrir Rangárvallasýslu auk annarra verkefna sem henni eru falin með samkomulagi sveitarfélaganna svo sem umsjón sameiginlegra eigna.
11. *Öldungaráð.* Öldungaráð er skipað af héraðsnefnd Rangæinga og starfar ráðið fyrir alla Rangárvallasýslu skv. 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. mgr. 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Ráðið fer með þau verkefni sem öldungaráði eru falin skv. fyrrgreindum lögum og er ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í Rangárvallasýslu um þjónustu við aldraða og framkvæmd hennar. Héraðsnefnd Rangæinga kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara í öldungaráð sem eru íbúar í Rangárvallasýslu. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara eru tilnefndir af félagi eldri borgara og einn fulltrúi og einn til vara er tilnefndur af heilsugæslunni.
12. *Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahepps.* Allir aðalmenn í sveitarstjórnnum Rangárþings ytra og Ásahepps skipa nefndina. Verkefni samráðsnefndar eru um samstarfið að Laugalandi, um sameign og stjórnun Holtamannaafréttar og önnur verkefni sem samráðsnefndin telur áriðandi vegna annarra samstarfsverkefna sveitarfélaganna.
13. *Almannavarnanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.* Sveitarstjórn Rangárþings ytra kýs einn aðalmann og annan til vara í almannavarnanefnd skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 sem sinn fulltrúa í nefndinni, en önnur sveitarfélög skipa aðra nefndarmenn. Almanna- varnanefnd starfar fyrir Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og er samstarfsverkefni sveitarfélaga og lögreglustjóra.
14. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt 2. mgr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn tvo aðalfulltrúa og tvo til vara á landsþing sambandsins. Kjórið er til sama tímabils og kjörtímabils sveitarstjórnar nema hún ákveði annað.
15. *Byggðasamlag sveitarfélaganna Ásahepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdals- hrepps og Skaftárhrepps um félags- og skólaþjónustu.* Sveitarstjórn Rangárþings ytra kýs einn

aðalmanng og einn til vara í stjórn byggðasamlagsins. Verkefni stjórnar eru önnur verkefni á verksviði byggðasamlagsins heldur en félagsmálanefnd hefur verið falið sérstaklega.

Byggðasamlagið fer með verkefni félagsþjónustu fyrir sveitarfélagið skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, húsnæðismál skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, fer með verkefni skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum um grunnskóla nr. 91/2008 fyrir sveitarfélög í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.

Byggðasamlagið fer jafnframt með þau verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem eru ekki sérstaklega falin öðrum. Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er hvorki sveitarstjórn, félagsmálanefnd eða stjórn byggðasamlagsins heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrir mæli um meðferð einstakra mála. Ákvæði 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga eiga því ekki við um barnaverndarþjónustu og er sveitarstjórn, félagsmálanefnd og stjórn byggðasamlagsins því ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvörðun í barnaverndarmálum. Samþykkt þessari um stjórn og fundarsköp fylgir viðauki um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Beiðnum um endurupptöku ákvæðana barnaverndarþjónustu skal beint til framkvæmdastjóra byggðasamlagsins eða teymisstjóra barnaverndarþjónustu.

Rangárþing ytra sem aðili að Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. er aðili að umdæmisráði Reykjaness og hluta af Suðurlandi skv. samningi um umdæmisráðið og viðauka við hann. Umdæmisráðið fer með verkefni sem umdæmisráði er falið skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 fyrir Rangárþing ytra. Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. skipar í umdæmisráð barnaverndar skv. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

16. *Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs.* Sveitarstjórn Rangárþings ytra kýs einn aðalmanng og annan til vara í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. starfa samkvæmt samstarfssamningi sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu og samkvæmt samþykktum settum um byggðasamlagið. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. fara með verkefni sveitarfélagsins skv. lögum um brunavarnir nr. 75/2000.
17. *Stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis.* Sveitarstjórn Rangárþings ytra kýs þrjú aðalmenn og þrjú til vara í stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis, Ásahreppur kýs einn aðalmanng og annan til vara í stjórnina en stjórnin er alls skipuð 4 fulltrúum. Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili á Hellu er samstarfsverkefni Rangárþings ytra og Ásahrepps. Áheymarfulltrúi á fundum stjórnarinnar, með málfrelsi og tillögurétt, er fulltrúi starfsmanna sem starfsmenn kjósa.
18. *Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.* Sveitarstjórn Rangárþings ytra kýs fjóra aðalmenn og fjóra til vara sem fulltrúa Rangárþings ytra til setu á fundum og ársþingum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Fulltrúar þessir fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundum og ársþingum samtakanna. Fulltrúafjöldi getur breyst verði breytingar á lögum samtakanna og skal sveitarstjórn þá kjósa fulltrúa og varamenn að nýju. Allir sveitarstjórnarmenn auk sveitarstjóra eiga seturétt sem áheymarfulltrúar á fundum og ársþingum samtakanna með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar af sveitarstjórn.
19. *Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs.* Byggðasamlagið starfar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og fer með þau verkefni sem heilbrigðiseftirliti eru falin í lögnum fyrir hönd Rangárþings ytra skv. samþykktum byggðasamlagsins. Sveitarstjórn Rangárþings ytra kýs fjóra aðalmenn og fjóra til vara sem fulltrúa Rangárþings ytra á aðalfundum byggðasamlagsins. Fulltrúar sveitarfélagsins fara með umboð sveitarfélagsins til ákvörðunartöku og atkvæðisrétt á fundum byggðasamlagsins. Fulltrúafjöldi getur breyst verði breytingar á samþykktum byggðasamlagsins og skal sveitarstjórn þá kjósa fulltrúa og varamenn að nýju. Allir sveitarstjórnarmenn auk sveitarstjóra eiga seturétt sem áheymarfulltrúar á aðalfundum byggðasamlagsins með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar af sveitarstjórn.
20. *Bergrisinn bs.* Aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins eru 13 sveitarfélög á Suðurlandi og mynda þau þjónustusvæði þar sem Bergrisanum bs. eru falin verkefni sveitarfélaganna skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfarir nr. 38/2018 skv. sérstökum samþykktum fyrir byggðasamlagið.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra kýs fjóra aðalmenn og fjóra til vara sem fulltrúa Rangárþings ytra á aðalfundum byggðasamlagsins. Fulltrúar sveitarfélagsins fara með umboð sveitarfélagsins til ákvörðunartöku og atkvæðisrétt á aðalfundum byggðasamlagsins. Fulltrúafjöldi getur breyst verði breytingar á samþykktum byggðasamlagsins og skal sveitarstjórn þá kjósa fulltrúa og varamenn að nýju. Allir sveitarstjórnarmenn auk sveitarstjóra eiga seturétt sem áheyrnarfulltrúar á aðalfundum byggðasamlagsins með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar af sveitarstjórn.

21. *Stjórn Húsakynna bs.* Sveitarstjórn Rangárþings ytra kýs tvo aðalmenn og tvo til vara í stjórn byggðasamlagsins úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórnunum en alls er stjórnin skipuð þremur aðalmönnum, tveimur frá Rangárþingi ytra og einum frá Ásahreppi. Húsakynni bs. sér um sameiginlegar eignir Rangárþings ytra og Ásahrepps. Sveitarfélögin geta falið Húsakynnum bs. að sjá um rekstur annars húsnæðis ef það samrýmist samþykktum byggðasamlagsins.
22. *Stjórn Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.* Sveitarstjórn kýs tvo aðalmenn og tvo til vara en alls er stjórnin skipuð þremur aðalmönnum, tveimur frá Rangárþingi ytra og einum frá Ásahreppi. Kjörgengir til setu í stjórn eru aðalmenn í sveitarstjórn. Byggðasamlagið starfar samkvæmt samningi sveitarfélaganna um rekstur vatnsveitu og samþykktum byggðasamlagsins. Vatnsveitan sér um eignarhald og rekstur allra vatnsveitumannvirkja og dreifikerfis í eigu og ábyrgð sveitarfélaganna annarra en þeirra sem eru í einkaeigu.
23. *Stjórn Odda bs.* Oddi er byggðasamlag Rangárþings ytra og Ásahrepps um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna og starfar samkvæmt sérstökum samþykktum. Stjórn byggðasamlagsins er skipuð fjórum aðalmönnum, þ.e. oddvitum beggja sveitarfélaganna og tveimur fulltrúum úr byggðarráði Rangárþings ytra skv. kosningu sveitarstjórnar. Stjórn Odda bs. gegnir hlutverki fræðslunefndar, sbr. 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Stjórn byggðasamlagsins getur einnig ákveðið að stofnuð skuli sérstök nefnd til að fara með hlutverk fræðslunefndar á vegum byggðasamlagsins sbr. 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Þegar stjórnin fjallar um málefni sem falla undir verksvið fræðslunefndar lögum samkvæmt skulu áheyrnarfulltrúar eiga rétt til setu á fundum stjórnarinnar skv. 4. mgr. 6. gr. laga um grunnskóla og 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla. Stjórn byggðasamlagsins sér jafnframt um stjórn bókasafnsmála fyrir sveitarfélagið, sbr. 8. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012.
24. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Sveitarstjórn kýs aðal- og varafultrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, sbr. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994. Fulltrúar sveitarfélagsins í fulltrúaráði fara með umboð til ákvörðunartöku og atkvæðarétt sveitarfélagsins á fundum fulltrúaráðs.
25. *Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.* Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. annast meðhöndlun alls úrgangs sem til fellur á starfssvæði sínu sem nær frá Þjórsá að Markarfljóti í umboði sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu samkvæmt samningi þeirra í millum og samþykktum byggðasamlagsins. Sveitarstjórn kýs einn aðalmann og annan til vara úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn til setu í stjórn byggðasamlagsins. Um starfsemi byggðasamlagsins fer eftir samþykktum þess.
26. *Stjórn félags um Tónlistarskóla Rangæinga.* Hlutverk félagsins er að annast rekstur tónlistarskóla fyrir hönd sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og samþykktir tónlistarskólans. Sveitarstjórn skal kjósa einn aðalmann og annan til vara í stjórn, úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn. Um starfsemina fer eftir samþykktum félagsins.
27. *Suðurlandsvegur 1-3 hf.* Sveitarstjórn kýs þrjú aðalmenn og þrjú til vara í stjórn félagsins í samræmi við samþykktir þess. Tilgangur félagsins er eignarhald og rekstur á fasteignunum Suðurlandsvegi 1–3 á Hellu. Um starfsemi félagsins fer eftir samþykktum þess.

#### **Verkefnabundnar nefndir.**

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.



48. gr.

*Endurupptaka mála.*

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá sveitarstjórn, byggðarráði, stjórn, nefnd eða ráði ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til byggðarráðs eða sveitarstjórnar og er endurupptaka heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur byggðarráð eða sveitarstjórn ákvörðun um málsmeðferð.

## VII. KAFLI

**Sveitarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.**

49. gr.

*Ráðning sveitarstjóra.*

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélags. Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

50. gr.

*Hlutverk oddvita.*

Oddviti undirbýr fundi sveitarstjórnar og semur dagskrá sveitarstjórnarfunda annaðhvort einn eða í samráði við sveitarstjóra. Oddviti kemur fram fyrir hönd sveitarfélagsins gagnvart íbúum og öðrum ásamt sveitarstjóra eða án hans. Oddviti veitir íbúum og öðrum viðtöl og svarar fyrirspurnum um störf sín og sveitarstjórnarinnar. Oddviti fylgist með að ákvörðunum sveitarstjórnarinnar sé hrint í framkvæmd og fylgist með að starfsemi sveitarfélagsins sé í eðlilegu horfi. Oddviti getur haft fasta viðveru á skrifstofutíma á skrifstofu sveitarfélagsins íbúum og öðrum til hægðarauka.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstök, umfangsmikil eða tímabundin verkefni á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða samkvæmt samþykkt um kjör og laun kjörinna fulltrúa sé hún til.

51. gr.

*Hlutverk sveitarstjóra.*

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem sveitarstjórn skipar.

Sveitarstjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum. Sveitarstjóri er formönnum nefnda sveitarstjórnarinnar til aðstoðar við boðun funda, öflun og frágang gagna og annað sem nauðsynlegt er vegna starfa nefndanna.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Sveitarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Oddviti er staðgengill sveitarstjóra nema sveitarstjórn ákveði annað.

## 52. gr.

*Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.*

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu og veitir þeim lausn frá störfum. Æðstu stjórnunarstöður eru forstöðumenn starfssviða og forstöðumenn stofnana í samræmi við skipurit sem í gildi er og samþykkt af sveitarstjórn á hverjum tíma.

## 53. gr.

*Um ráðningu annarra starfsmanna.*

Sveitarstjóri annast ráðningu annarra starfsmanna og veitir þeim lausn frá starfi, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt þessari eða með almennum fyrirætlum.

## 54. gr.

*Framsal sveitarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela einstaka starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu getur farið fram á að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd skv. samþykkt þessari, taki ákvörðun í máli.

Sveitarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu starfsmannsins en viðkomandi nefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Sveitarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari grein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. eða 2. mgr. til byggðarráðs.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

## 55. gr.

*Þagnarskylda starfsmanna.*

Starfsmenn sveitarfélagsins og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirætlum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 56. gr.

*Um starfskjör og réttindi starfsmanna.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

## VIII. KAFLI

**Fjármál sveitarfélagsins.**

## 57. gr.

*Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.*

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,

5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

## 58. gr.

*Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.*

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Byggðarráð, leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillögunu, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlunir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitar-sjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

## 59. gr.

*Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 56. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

## 60. gr.

*Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og reglna sem settar eru á grundvelli ákvæðisins.

## 61. gr.

*Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.*

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

62. gr.

*Ársreikningur.*

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

63. gr.

*Endurskoðun ársreikninga.*

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

## IX. KAFLI

**Samvinna við önnur sveitarfélög og samningar um starfrækslu verkefna.**

64. gr.

*Samvinna sveitarfélaga.*

Sveitarstjórn er heimilt að eiga samstarf um starfrækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja vald til töku ákvarðana um rétt og skyldu manna. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og þeim sérögum sem við eiga.

65. gr.

*Samningar við einkaaðila.*

Sveitarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

## X. KAFLI

**Samráð við íbúa-Þátttökulýðræði.**

66. gr.

*Borgarafundur, íbúabing, íbúakosningar o.fl.*

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúabing og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga.

67. gr.

*Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.*

Ef 33% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga.

68. gr.  
*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, staðfestist til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Rangárþings ytra nr. 1275/2014 með síðari breytingum.

*Innviðaráðuneytinu, 5. júní 2023.*

F. h. r.  
**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Hafðís Gísladóttir.*

VIÐAUKI  
**Um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.**

I. KAFLI  
**Grundvöllur.**

1. gr.  
*Grundvöllur.*

Viðauki þessi er settur á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 (barnaverndarlög). Þar til greindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu er í reglum þessum falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í samþykkt þessari hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hefur teymisstjóri, framkvæmdastjóri Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu í samráði við lögfræðing barnaverndarþjónustu heimild til að taka slíka ákvörðun.

2. gr.  
*Skilgreining á hugtökum.*

*Teymistjóri:* stjórnandi Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

*Lögfræðingur:* lögfræðimenntaður starfsmaður sem vinnur að málum Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

*Framkvæmdastjóri Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu:* stjórnandi Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu.

*Meðferðarfundur:* fundur teymis, þar sem fram fara umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð og lagt mat á stefnu máls og ákvörðun tekin samkvæmt því. Meðferðarfundir eru að jafnaði haldnir vikulega og stýrt af teymisstjóra eða framkvæmdastjóra. Í fjarveru teymis- og framkvæmdastjóra getur tiltekinn sérhæfður starfsmaður eða lögfræðingur stýrt fundi og tekið ákvarðanir í umboði teymis- eða framkvæmdastjóra.

*Sérhæfður starfsmaður barnaverndarþjónustu:* starfsmaður á skrifstofu barnaverndarþjónustu í teymi og telst sérhæft starfsfólk í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi barnaverndarþjónustu og ráðgjafi barnaverndarþjónustu.

3. gr.  
*Heimildir og umboð starfsmanna.*

Í forföllum eða fjarveru teymisstjóra leysir sérhæfður starfsmaður eða framkvæmdastjóri hann af.

## 4. gr.

*Starfslið.*

Framkvæmdastjóri ræður starfslið Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Framkvæmdastjóri getur að fengnu samþykki stjórnar framselt ráðningarvald til tilgreindra starfsmanna sinna þegar ráðningarhlutfall er lægra en 20%.

Teymisstjóra er heimilt að semja við stofnanir og sérfræðiþjónustu við vinnslu mála.

Teymisstjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni. Þá er teymisstjóra heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða annarra úrræða á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

## 5. gr.

*Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustna.*

Teymisstjóri getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi, þó barn hafi fasta búsetu í umdæmi Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Sömuleiðis getur teymisstjóri samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga, með síðari breytingum.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga vegna barns sem statt er í umdæmi Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu en hefur fasta búsetu annars staðar getur sérhæfður starfsmaður, í samráði við teymisstjóra, framkvæmdastjóra og/eða lögfræðing án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið sem skal annast málsmeðferð og alla ákvaðanatöku.

## II. KAFLI

**Upphaf og könnun barnaverndarmáls.**

## 6. gr.

*Málsmeðferð.*

Sérhæfðir starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess. Sérhæfðir starfsmenn skulu einnig taka á móti tilkynningum um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu.

Skrá skal nákvæmlega efni tilkynninga og annað er máli kann að skipta.

Sérhæfður starfsmaður skal vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarþjónustu skv. 2. mgr. 19. gr. barnaverndarlaga. Það á þó ekki við ef um er að ræða tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. barnaverndarlaga, sbr. 3. mgr. 19. gr. laganna.

Teymisstjóri barnaverndar ásamt sérhæfðum starfsmönnum barnaverndarþjónustu skulu taka afstöðu á meðferðarfundum barnaverndarþjónustu eigi síðar en innan 7 daga frá því tilkynning berst um hvort ástæða sé til þess að hefja könnun í málinu. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin, nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Sama gildir þótt sérhæfður starfsmaður fái upplýsingar með öðrum hætti en tilkynningu.

Sérhæfður starfsmaður skal tilkynna foreldrum/forsjáraðilum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun í tilefni af henni. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila. Sérhæfður starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim, er um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Aflað skal sem gleggstra upplýsinga um hagi barnsins svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag þess. Að öllu jöfnu skal rætt við barnið sjálf.

Ef grunur er um að brotið hafi verið gegn barni á grundvelli almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hefur sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri umboð til að óska eftir lögreglurannsókn.

Könnun máls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og gæta skal meðalhófs við öflun upplýsinga. Þegar mál hefur verið nægilega kannað skal sérhæfður starfsmaður taka saman greinar-

gerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið hverra úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Ákvörðun um beitingu úrræða er tekin af teymisstjóra barnaverndar ásamt sérhæfðum starfsmönnum barnaverndarþjónustu og skal ákvörðunin að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Niðurstöður könnunar máls skal leggja fyrir meðferðarfund barnaverndarþjónustu og taka teymisstjóri og sérhæfðir starfsmenn barnaverndarþjónustu ákvörðun um hvort talin er ástæða til frekari afskipta.

#### 7. gr.

##### *Nafnleynd.*

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd geta framkvæmdastjóri og teymisstjóri barnaverndar tekið ákvörðun um að synja um afléttingu nafnleyndar.

Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísvitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu geta framkvæmdastjóri og teymisstjóri barnaverndar tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur lögfræðingur barnaverndarþjónustu óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

#### 8. gr.

##### *Ákvörðun um könnun máls.*

Þegar tilkynning berst skal teymisstjóri og sérhæfðir starfsmenn barnaverndarþjónustu taka ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja könnun á vikulegum meðferðarfundum barnaverndarþjónustu.

Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Teymistjóri ásamt sérhæfðum starfsmönnum barnaverndarþjónustu tekur ákvörðun um að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga.

Ef brýna nauðsyn ber til hefur sérhæfður starfsmaður, að höfðu samráði við teymisstjóra, heimild til að hefja könnun án þess að meðferðarfundur hafi fjallað um málið.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar teymisstjóri málinu til sérhæfðs starfsmanns.

#### 9. gr.

##### *Úthlutun annarra mála.*

Þegar mál heyrir undir Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu en er ekki unnið á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga skal teymisstjóri úthluta málinu til sérhæfðs starfsmanns.

#### 10. gr.

##### *Skipan talsmanns.*

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við teymisstjóra taka afstöðu til þess í bókun hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

Meta skal skipan talsmanns fyrir barn samkvæmt 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga og 15. gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Teymistjóri og sérhæfðir starfsmenn barnaverndar skulu á meðferðarfundum velja talsmann sem er best til þess fallinn að þjóna hagsmunum barns í hverju máli.

#### 11. gr.

##### *Könnun máls.*

Sérhæfður starfsmaður sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáraðila, þó ætíð með hagsmunum barns að leiðarljósi. Sérhæfður starfsmaður fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga. Sérhæfður starfsmaður tekur þátt

í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns sbr. 22. gr. a. barnaverndarlaga. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber sérhæfðum starfsmanni við upphaf könnunar og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Að lokinni könnun máls skulu sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun á meðferðarfundi um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 1. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

#### 12. gr.

##### *Lögreglurannsókn.*

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur sérhæfður starfsmaður ákvörðun um að óska lögreglurannsóknar. Eftir atvikum skal leita samþykkis forsjáradila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn. Teymistjóri skal upplýstur um að máli hafi verið vísað í lögreglurannsókn.

#### 13. gr.

##### *Neyðarráðstafanir.*

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga getur sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við teymisstjóra, framkvæmdastjóra og/eða lögfræðing framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Með samþykki forsjáradila getur sérhæfður starfsmaður tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra án samráðs. Teymistjóri skal upplýstur um ákvörðunina.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga lýsir er sérhæfðum starfsmanni heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. barnaverndarlaga, að fara inn á heimili enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

### III. KAFLI

#### **Ráðstafanir barnaverndarþjónustu.**

#### 14. gr.

##### *Áætlun um meðferð máls.*

Sérhæfður starfsmaður, í samvinnu við forsjáradila, og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirrita áætlunina f.h. Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Sérhæfður starfsmaður skal gera einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun á meðferðarfundi um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

#### 15. gr.

##### *Framkvæmd meðferðaráætlunar.*

Sérhæfður starfsmaður skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Sérhæfður starfsmaður getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.



## 16. gr.

*Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri geta, með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri mælt fyrir um að:

- a. Barnaverndarþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
- b. Barnaverndarþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu taki við forsjá eða umsjá barns og visti barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leiti annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns, sbr. a- og b-lið, skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára allt til 20 ára aldurs. Áður en ungmenni verður 18 ára þarf að meta þarfir þess til frekari úrræða eigi síður en þremur mánuðum áður en það nær 18 ára aldri. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

## 17. gr.

*Vinnsla máls meðan vistun og fóstur varir.*

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal sérhæfður starfsmaður fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um trygga umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera umgengnissamning, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af fóstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

## 18. gr.

*Úrræði án samþykkis foreldra.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð á grundvelli 26.-29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

## 19. gr.

*Úrræði vegna ófæddra barna.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, um að sett skuli fram krafa fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

## 20. gr.

*Endurskoðun ráðstafana.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

## 21. gr.

*Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga.

22. gr.

*Fyrirsvar.*

Barnaverndarþjónustan fer með fyrirsvar fyrir dómstólum og úrskurðarnefnd velferðarmála. Lögfræðingur barnaverndarþjónustu, að höfðu samráði við sérhæfðan starfsmann og teymisstjóra, taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi dómkvadds mats o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða falla frá máli skulu staðfestar af teymisstjóra eða framkvæmdastjóra í hans fjarveru.

## IV. KAFLI

**Ráðstöfun barna í fóstur.**

23. gr.

*Fóstur.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar nr. 858/2013 um greiðslur vegna barna í fóstur. Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í fóstursamningi, svo sem forsjáskyldur fósturforeldra, fósturtíma, greiðslur til fósturforeldra, umgengni í fóstur, stuðning við barn og fósturforeldra og annað sem máli skiptir.

24. gr.

*Beiðni um fósturheimili og val á fósturforeldrum.*

Sérhæfður starfsmaður sendir beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 2. mgr. 67. gr. barnaverndarlaga og 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur. Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Sérhæfður starfsmaður skal leita umsagnar forsjárlaus foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

25. gr.

*Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.*

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

Með ákvörðun sérhæfðs starfsmanns og teymisstjóra, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, er heimilt, ef hagsmunir barns eru taldir best tryggðir með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins.

26. gr.

*Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.*

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. tekur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra ákvörðun um að hitt foreldrið taki við umsjá þess eða aðrir taki við umsjá þess. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

27. gr.

*Fóstursamningur.*

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal sérhæfður starfsmaður ganga frá fóstursamningi og undirrita f.h. Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal sérhæfður starfsmaður meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun fóstursamnings taka sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri ákvörðun með bókun þar um, að

undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og rökstuddri ákvörðun breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

## 28. gr.

*Greiðslur til fósturforeldra.*

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarpörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fósturi með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013.

Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi taka afstöðu til beiðninnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

## 29. gr.

*Slit fóstursamnings.*

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um getur Barnaverndarþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu með bókun meðferðarfundar breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddri ákvörðun.

## 30. gr.

*Framfærsluskyllda foreldra.*

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fósturi að hluta eða öllu leyti. Ef ekki næst samkomulag skal afgreiða málið með rökstuddri ákvörðun.

## 31. gr.

*Umgengni í fósturi.*

Við ráðstöfun barns í fóstur skal sérhæfður starfsmaður hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangenginni bókun meðferðarfundar.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi gert tillögu um að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 81. og 74. gr. barnaverndarlaga.

## V. KAFLI

**Málsmeðferð barnaverndarmála.**

32. gr.

*Aðgangur að gögnum máls.*

Lögfræðingur tekur ákvörðun, að höfðu samráði við sérhæfðan starfsmann og teymisstjóra, um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

33. gr.

*Aðstoð lögmanns.*

Barnaverndarþjónustan samþykkir reglur um veitingu fjárstyrks til að greiða fyrir lögmanns-aðstoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

Lögfræðingur tekur ákvörðun um veitingu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur um veitingu fjárstyrks.

## VI. KAFLI

**Úrræði á ábyrgð sveitarfélagsins.**

34. gr.

*Sumardvöl fyrir börn.*

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að starfrækja sumardvöl í umdæmi Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

35. gr.

*Stuðningsfjölskyldur.*

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda, sbr. 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, 85. gr. barnaverndarlaga og VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

36. gr.

*Heimili og önnur úrræði á vegum**Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.*

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um að útbúa umsóknir, gera samninga við vistunaraðila skv. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004, hafa samskipti við Barna- og fjölskyldustofu og aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004.

37. gr.

*Útvistun mála samkvæmt þessum kafla.*

Framkvæmdastjóri getur falið öðrum starfseiningum Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu að sinna vinnslu verkefna skv. kafla þessum eða öðru sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

VII. KAFLI  
**Umsagnarmál.**

38. gr.

*Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999.*

Sérhæfður starfsmaður annast könnun mála vegna umsagnar Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir meðferðarfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður umsækjanda og hvort umsækjandi uppfylli skilyrði í samræmi við ættleiðingarlög og reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005.

VIII. KAFLI

**Annað.**

39. gr.

*Birting.*

Birta skal viðaukann á heimasíðu Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.